


HÚSÖNDIN

3.tbl. 1.árg.
21.febr 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA
22.FEBRÚAR- 28.FEBRÚAR 2018



24.2 LOVÍSA LEIFSDÓTTIR
25.2 ÁSTA ÞÓREY LÁRUSDÓTTIR
26.2 SIGURJÓN BESSI BRYNJARSSON
27.2 EINAR BJARKI LEIFSSON,
INGIGERÐUR ARNLJÓTSDÓTTIR, STEINDÓR JÓNSSON

AÐALFUNDUR FÉLAGS SAUÐFJÁRBÆNDA Í SUÐUR-ÞING

verður haldinn að Ýdölum mánudagskvöldið
26. febrúar kl.20.

venjuleg aðalfundastörf.

Oddný Steina formaður Landssamtaka Sauðfjárbænda mætir á
fundinn ásamt Unnsteini Snorra framkvæmdarstjóra L.S.

Þau munu reyfá málin og fara yfir stöðu mála
og spá í framtíðarhorfur.

Nýir félagar velkomnir.

Félagsmenn hvattir til að koma með tillögur fyrir aðalfund L.S.,
kaffi á könnuni.

Stjórnin



GUÐSPJÓNUSTUR VORIÐ 2018
Í SKÚTUSTAÐAPRESTAKALLI OG
GRENJAÐARSTAÐARPRESTAKALLI.

25.febrúar. Guðspjónusta
í Einarstaðakirkju klukkan 14:00

11.mars. Guðspjónusta
í Grenjaðarstaðarkirkju klukkan 14:00



25.mars. Pálmasunnudagur. Hátíðarguðspjónusta
í Þóroddsstaðarkirkju klukkan 16:00 – prestur: sr.Sighvatur Karlsson

29.mars. Skírdagur. Fermingarguðspjónusta
í Einarstaðakirkju klukkan 14:00

30.mars. Föstudagurinn langi.

Tíðarsöngvar sungnir í Reykjahlíðarkirkju klukkan 08:45 við upphaf
Píslargöngu og Passíusálmar lesnir í Skútustaðakirkju um daginn.

1.apríl Páskadagur.

Hátíðarguðspjónusta í Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00

Hátíðarguðspjónusta í Einarstaðakirkju klukkan 14:00

Hátíðarguðspjónusta í Grenjaðarstaðarkirkju klukkan 16:00

19.maí Fermingarguðspjónusta
í Skútustaðakirkju klukkan 11:00

20.maí Hvítasunna. Fermingarguðspjónusta
í Neskirkju klukkan 14:00

Bænastundir verða hálfsmánaðrlega í Neskirkju í apríl og maí.
Verður nánar auglýst síðar.

Sr.Örnólfur

KÆRU LESENDUR OG VIÐSKIPTAVINIR

Blaðið kemur út á miðvikudögum. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl 14:00 á þriðjudögum.

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.

Þið getið haft samband við mig í

síma 849-2804

eða með tölvupósti


husondin@gmail.com.

Hafið það gott. Kær kveðja,

Arnþrúður



EKKERT ER FULLREYNT Í FYRSTA SINN



STÖNGIN INN!

GAMANSÖNGLEIKUR MEÐ ABBA-LÖGUM Á BREIÐUMÝRI

Leikdeild Eflingar frumsýnir gamansöngleikinn Stöngin inn, eftir Guðmund Ólafsson í félagsheimilinu á Breiðumýri í Reykjadal föstudaginn 23. febrúar klukkan 20:30.

Leikstjóri er Vala Fannell
og tónlistarstjóri Jaan Alavere.

Verkið gerist í litlu sjávarþorpi þar sem konur bæjarins ákveða að setja eiginmenn sína í kynlífsbann nema þeir hætti að horfa á enska boltann.

Sýningar:

- Frumskýning – föstudagur 23. febrúar kl. 20:30
- 2. sýning – sunnudagur 25. febrúar kl. 17:00
- 3. sýning – fimmtudagur 1. mars kl. 20:30
- 4. sýning - föstudagur 2. mars kl. 20:30
- 5. sýning - föstudagur 9. mars kl. 20:30
- 6. sýning – laugardagur 10. mars kl. 18:00
- 7. sýning – sunnudagur 11. mars kl. 16:00

Miðaverð:

Fullorðnir kr. 3000.-

Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-

Eldriborgarar og öryrkjar kr. 2700.-

Félögum í Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leikskýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrét á kr. 3900.- Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.

Miðapantanir eru í síma **618-3945** eða á leikdeild@leikdeild.is



Ljúflingsmál

-útgáfutónleikar

í sal Borgarhólsskóla, Húsavík

Laugardaginn 24.febrúar kl.15:00-17:00

Kammerkór Norðurlands heldur tónleika í sal Borgarhólsskóla, Húsavík til kynningar á efni af nýjum diskum kórsins. Kórinn hefur lagt metnað í flutning á ættjarðarlögum og nýrri íslenskri kórtónlist, og er það vel við hæfi því tónleikarnir eru hluti af opinberri dagskrá í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Auk þess verða flutt sýnishorn verkefna síðasta árs.

Stjórnandi kórsins er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Miðaverð: 2500 kr.

(miðar seldir við innganginn – ath enginn posi)



MENNINGARFÉLAGIÐ GJALLANDI KUNNGJÖRIR!



Aðalfundur félagsins fer fram fimmtudaginn
22. febrúar næstkomandi í Skjólbrekku.
Fundurinn hefst kl. 20:00 en samhliða
hefðbundnum aðalfundarstörfum verður bókakvöld
með „bókin á náttborðinu“ fyrirkomulagi.
Við gerum þar ráð fyrir að hver og einn segi
frá því sem er verið að lesa þá stundina.

Dagskrá aðalfundar er þessi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og endurskoðenda/
skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

Menningarfélagið Gjallandi leitar af áhugasömu fólki til setu í stjórn
en tilgangur félagsins er að efla menningarstarfsemi í Mývatnssveit.
Áhugasamir hafið samband við Davíð, sími 695-3121.

Stjórn Menningarfélagsins Gjallanda.



ÍBÚAFUNDUR VEGNA FRÁVEITUMÁLA



Eins og Mývetningum er kunnugt um hafa fráveitumál verið í brennidepli undanfarin misseri. Í haust var haldinn íbúafundur vegna fráveitumálanna og var sá fundur afar upplýsandi fyrir alla aðila. Fráveitumálin hafa hins vegar tekið nýja stefnu undanfarnar vikur sem kynnt verður á íbúafundi.

Boðað er til íbúafundur vegna fráveitumála í Mývatnssveit mánudaginn 26. febrúar n.k. kl. 20:00 í sal Reykjahlíðarskóla. Kynnt verða ný drög að nýrri Umbótaáætlun sveitarfélagsins og rekstraráðila í fráveitumálum. Fyrirspurnir og umræður. Allir velkomnir.

Skútustaðahreppur



Kæru Mývetningar
Aldrei þessu vant getur
málningarþjónusta
Snow Dogs tekið að sér
málningavinnu innan húss
á næstu vikum.
Hafið samband í
síma: 840 6466
Kveðja
Sæmi





ÖNNUR LAUGARDAGSGANGAN VORIÐ 2018

Önnur laugardagsgangan verður 24. febrúar kl. 11:00

Ljúf í taumi leikum vel
Löbbum út í móa.
Mývatnssveit og mögnuð sel
Margskyns sár þá gróa

Gönguleiðin auglýst daginn áður, fylgist með
heimasíðu Skútustaðahrepps og á facebook.
ALLIR VELKOMNIR

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag

